

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Hrunamannahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Breyting á deiliskipulagi Högnastaða, færsla á vegi.

Í breytingunni felst að ekki er lengur gert ráð fyrir að samnýta reiðveg sem liggur meðfram landinu sem aðkomu að lóðum innan svæðisins, heldur færa þá aðkomu alfarið inn í hverfið. Samþykkt í sveitarstjórn 2. október 2014.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 27. október 2014.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 12. nóvember 2014